



Kópavogi, 27.10.2022

Efni: Tillögur barnaþings Kópavogs 2022. Eftirfarandi tillögur hafa barnaþingmenn Kópavogs 2022 sammælt um að kynna fyrir Bæjarstjórn Kópavogs á fundi með þeim 26. apríl 2022.

Auka þekkingu kennara á menntaskólum

Fræða kennara um menntaskóla, þannig að þeir hafi þekkingu til að svara spurningum nemenda um skólana. Það er stór munur á grunnskóla og framhaldsskóla og því er gott að það sé búið að undirbúa okkur þannig að við getum staðið okkur vel. Til þess að ná árangri bæði fyrir nemendur og kennara þarf að hlúa að starfsfólki, nemendum og umhverfi.

Svar; Skólastjórnendur verða beðnir um að rýna fyrirkomulag á undirbúningi í framhaldsskóla og ná samtali við nemendur á unglingastigi hvað þeim finnst mikilvægt að sé haft að leiðarljósi við undirbúninginn.

Félagsmiðstöðvar – bæta aðstöðumun og auka fræðslu

Meira fjármagn frá Kópavogsbæ til að bæta aðstöðumun félagsmiðstöðva og gera þennan punkt að veruleika (sjá tillögu tvö) í öllum félagsmiðstöðvum. Einnig að auka fjármagn til að hægt sé að auka opnun fyrir miðstig og auka möguleika á að fá ýmis konar fræðslu fyrir félagsmiðstöðvarnar (t.d. kynfræðslu, Samtökin 78, geðheilbrigðismál o.s. frv).

Svar; Félagsmiðstöðvarnar fengu á fjárhagsárinu 2022 fjármagn til að bæta aðstöðuna í sinni félagsmiðstöð í samvinnu við unglingana. Skipaður hefur verið vinnuhópur til að ræða útfærslu og fyrirkomulag á opnunum fyrir nemendur í 5.-7.bekk í starfi félagsmiðstöðvanna, en stefnt er að geta komið betra og markvissara fyrirkomulagi á varðandi miðstigsopnanir á árinu 2023. Unnið er að gerð viðmiða við forvarnaráætlanir í hverjum skóla og haft er að leiðarljósi í þeirri vinnu skipulag á fræðslu inn í félagsmiðstöðvunum. Einnig standa félagsmiðstöðvarnar að fræðsluáætlun, þar sem í hverjum mánuði ræða starfsfólk félagsmiðstöðva við unglinga um ákveðin málefni líkt og áhrif notkun orkudrykkja, ofbeldi, kynlíf og fjölmenningu.

Markviss lífsleiknikennsla

Lífsleikni sem sér fag í öllum skólum á mið- og unglingastigi, ekki tekið fyrir sem hluti af samfélagsfræði. Má ekki vera val og mikilvægt að það sé séð til þess að lífsleikni detti ekki upp fyrir. Fræðsla sé ekki bara í formi fyrirlestra heldur hluti af verkefnum og kennslunni almennt, meiri umræða og verkefni en ekki bara fyrirlestrar þar sem m.a. er fjallað um rasisma, fordóma, ást, mörk og kynlíf. Allri fræðslu þarf að fylgja eftir og taka umræðu. Lífsleikni ætti að vera ein kennslustund (40-60mín) tvisvar sinnum í viku. Kynfræðslan mætti byrja fyrr og þá með áherslu á aðra þætti kynfræðslunnar en samfarir,



getnaðarvarnir og kynlíf. Meiri áhersla á eigin líkama, mörk og heilbrigð samskipti. Gott væri að gefa þeim sem verða fyrir eða hafa orðið fyrir rasisma og öðrum fordómum tækifæri til að deila reynslu sinni. Þurfum að fá tækifæri til að heyra frá og kynnast fólki af ólíkum uppruna og í ólíkum minnihlutahópum. Það verður að vera skýrt hvert nemendur geta leitað ef farið er yfir mörk eða ef þeir upplifa fordóma.

Svar; Verið er að vinna viðmiðunar námskrá fyrir grunnskóla Kópavogs um forvarnir á sviði ofangreindra þátta fyrir 1. – 10. bekk. Grunnskólar munu byggja sínar forvarnaráætlanir á þeirri námskrá. Sérstaklega verða niðurstöður barnaþings 2022 hafðar til hliðsjónar við vinnuna.

Sundkennsla

Taka sundpróf í 8.bekk, ef þú nærð því þá er sund val í 9. og 10.bekk. Það þarf samt að vera annað hæfnipróf og upprifjun í 10.bekk til að sýna fram á að þú hafir viðhaldið hæfninni. Ef viðkomandi nær ekki hæfniprófinu þarf hann að taka sund sem valgrein. Það þarf að vera kynlaus einstaklings klefi eða útiklefi í öllum sundlaugum og/eða lokaður klefi inni í kynjuðum klefum. Kynjaskipt í sund og kynsegin einstaklingar velja með hvaða hóp þeir fara. Það er áriðandi að það sé markviss skyldu fræðsla um kynsegin strax á miðstigi.

Svar; Kynlausan klefa í Sundlaug Kópavogs sem tekin var í notkun á þessu ári. Í sundlauginni í Versölum er klefi sem hægt er að nota í þessum tilgangi. Til stendur að uppfæra þann klefa betur (vonandi 2023) svo hann nýtist fleirum en aðgengi í dag er mjög takamarkað þar sem aðeins einn aðili eða fjölskylda geta notað klefann í einu. Allir grunnskólar í Kópavogi bjóða nemendum upp á að taka hæfnipróf í 9.bekk og ef þeir standast það útskrifast þau úr sundi þá. Hver skóli ákvarðar skiptingu í hópa eftir þörfum nemenda. Kynsegin fræðsla verður hluti af námskrá í forvörnum sem rætt er um hér að ofan.

Fá fjármálafræðslu á mið- og unglingastig í alla grunnskóla í Kópavogi

Fá kynningu á því hvað felst í fjármálafræðslu í 7. bekk og í kjölfarið fasta tíma vikulega í 8., 9. og 10. bekk. Hugtök sem vert er að horfa á í kennslustundum um fjármál eru skattar, sparnaður, fjárfesting, lánataka, launaseðlar og stofnun bankareikninga. Fá kynningu frá starfsmönnum til dæmis í banka, hjá sýslumanni eða skattinum á unglingastigi. Fjármálafræðslu væri hægt að fella undir lífsleikni. Einnig væri að búa til rafrænt verkefni þar sem heimabanki væri settur upp, t.d. Etoro (app). Fá starfsfræðslu á mið- og unglingastig í alla grunnskóla í Kópavogi Fá kynningu á því hvað felst í starfsfræðslu í 7. bekk og í kjölfarið fasta tíma vikulega í 8., 9. og 10. bekk. Atriði sem vert væri að skoða í starfsfræðslu eru gerð ferilskráa, starfsumsóknir og starfsviðtöl. Einnig væri gott að fá betri kynningu á námsframboði framhaldskóla og hvaða fög eru kennd í viðkomandi námi. Starfsfræðslu væri hægt að fella undir lífsleikni.

Svar; Skoða þarf meira samtal við nemendur um hvað vantar í kennslu um fjármálalæsi í hverjum skóla. Skoða mætti að gera meira með fjármálaleika í



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

hverjum skóla. Lagt er til að skólastjórnendur óski eftir þátttöku nemanda á unglingastigi og rýni með þeim hvað þeim finnst vanta upp á kennslu í fjármálalæsi.

Virðingarfyllst,

Amanda K. Ólafsdóttir
Deildastjóri frístundadeildar
Starfsmaður Ungmennaráðs Kópavogs

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08 2026